



Rýmingaráætlun Víkurskóla, Vík í Mýrdal



Útgefin 2.10.2025



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	3
Leiðarljós við áætlanagerðina.....	3
Brunaboð frá brunaviðvörðun.....	4
Rýming.....	4
Flóttaleiðir.....	5
Brunaviðvörðunarkerfið.....	6
Kort eldra hús.....	9
Kort íþróttahús og kennslustofur	10
Rýming vegna Kötlugoss.....	11
Breytingasaga.....	12

Formáli

Eldvörnum er oft skipt í tvo flokka þ.e. slökkvistarf og fyrirbyggjandi starf. Slökkvistarfið hefur það að markmiði að bjarga því sem bjargað verður eftir slys. Fyrirbyggjandi starfið hefur aftur á móti þann tilgang að forða slysum eða a.m.k. að draga úr þeim eins og unnt er. Þessum markmiðum er reynt að ná með byggingartæknilegum aðgerðum, fræðslu og æfingum og með viðbragðsáætlunum s.s. bruna- og rýmingaráætlunum.

Það hefur margoft komið í ljós að afar litlar líkur eru til þess að menn bregðist rétt við þegar menn skyndilega standa frammi fyrir vanda sem skapast getur af eldsvoða, nema þeir sem málið varðar hafi gert sér grein fyrir hættunni og hugleitt viðbrögð. Best er að gera áætlun. Til þess að allir sem málið snertir geti unnið samstíga verður áætlunin að vera skrifleg og ef aðilar vilja vera vissir um að áætlunin sé raunhæf, þarf að prófa hana. Einnig er oft nauðsynlegt að æfa áætlanir, eða hluta þeirra, til að þær geti talist öruggar.

Afgerandi þáttur í framkvæmd rýmingar er tíminn. Því þarf að leita leiða til að hún taki sem allra stytta tíma. Eins þarf að reyna að koma því þannig fyrir að hún geti hafist sem allra fyrst, eftir að hættuástand skapast.

Leiðarljós við áætlanagerðina

Það sem hafa þarf í huga við gerð rýmingaráætlunar fyrir Víkurskóla.

1. **Fólksfjöldi:** Flest eru börnin og starfsmenn um 85 samtímis í skólanum (uppl. vor 2025, 65 börn og 20 starfsmenn). Verður ekki betur séð en það sé vel mannað og með góðri samvinnu ætti rýming að ganga vel.
2. **Hreyfigeta fólksins:** Telja verður að yngri börn þurfi aðstoð við að bjarga sér. Ekki endilega vegna skertrar hreyfigetu, heldur vegna vanhæfni að meta hættuna og hvernig bregðast eigi við hættu.
3. **Fjöldi aðstoðarfólks:** Ekki ætti að vera nauðsynlegt að kalla til aðstoðarfólk vegna rýmingar. Það fólk sem er á staðnum ætti í öllum tilfellum að ráða við að rýma húsið.
4. **Rýmingarleiðir:** Rýmingarleiðir eru til tveggja átta út frá hverri kennslustofu og einnig er hægt að fara út um björgunarop.
5. **Útgangar** eru merktir með út-ljósum. Söfnunarstaður er gervigrasvöllur.
6. **Lokastaður:** Leikskólinn Mánaland
7. **Tíminn til rýmingar:** Tími til rýmingar er ekki mikill, vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er að gert. Húsið stenst í öllum megin atriðum kröfur um brunavarnir. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi sem gefur meira svigrúm til rýmingar.

Brunaboð frá brunaviðvörðun

Þegar brunaviðvörðunarkerfi fer af stað þarf alltaf að bregðast við.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri eða staðgengill þeirra fara að stjórnborði brunaviðvörðunar sem eru annars vegar við aðalinngang skóla og hins vegar við aðalinngang íþróttahús, kanna hvaðan boðin koma og stöðvar hljóðgjafa. Fer og kannar staðinn sem boðin koma frá. Ef hann verður var við eld eða reyk þá virkir hann kerfið með því að smella á næsta handboða til að setja kerfið af stað aftur og þá skal hefja rýming. Hafa samband við neyðarlínu.

Ef ekki finnst reykur eða eldur skal endursetja kerfið og skrá atvikið í þjónustubók brunaviðvörðunar. Sem staðsett er í anddyri eldri byggingar grunnskólans.

Kennarar / starfsmenn, þegar brunaviðvörðunarkerfi fer af stað skal strax fara í það að undirbúa rýmingu hússins. Finna til neyðarmöppu með nafnalista. Kerfið þagnar og ef það fer aftur af stað skal hefja rýmingu. Fara að næsta útgangi og koma öllum út á söfnunarsvæðið sem er sparkvöllur. Ef það er reykur á göngum og ekki hægt að fara venjulega leið þá skal rýma út um björgunarop.

Þar þarf að tryggja að allir séu komnir út og þarf að framkvæma talningu á söfnunarsvæði. Ef einhvern vantar þarf að koma þeim upplýsingum strax til skólastjóra /aðstoðarskólastjóra/staðgengis sem kemur þeim upplýsingum áfram á Neyðarlínu og slökkvilið.

Brunaviðvörðunarkerfi sendir skilaboð á vaktsíma slökkviliðsins og búast má við stjórnanda frá slökkviliði á staðinn. Vaktsími slökkviliðs er **895-1162**

Rýming

Stjórnun: Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórna. Stjórnandi skal vera skólastjóri/aðstoðarskólastjóri eða staðgengill þeirra. Mikilvægt er að stjórna þannig að ekki fari milli mála hver stjórnar.

Röð á aðgerðum:

1. Hringja: Kalla til aðstoð.

Hringja í neyðarlínu í síma **112** talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið og takið fram ef einhver hefur slasast og tilgreinið um hvaða hús er að ræða.


2. Bjarga: Ef rýma þarf húsnaðið er mikilvægt er að kennarar og aðrir starfsmenn sjái um þann bekk sem viðkomandi er að kenna hverju sinni. Rýmið eftir flóttaleiðum skólans og þegar að skólastofa er yfirgefin skal loka hurðum. Ef ekki er hægt að komast sökum reyks eftir áætluðum flóttaleiðum skal nota björgunarop. Kennari hefur nafnakall þegar komið er á söfnunarstaðinn sem er gervigrasvöllur og bíði þar uns stjórnandi gefur leyfi til að yfirgefa staðinn.

Ef í ljós kemur við nafnakall að einhvern vantar er mikilvægt að þær upplýsingar berist strax stjórnanda og hann tilkynni til Neyðarlínu og slökkviliðs.


3. **Slökkva:** Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður á planinu eru að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarf. **Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að rafmagnstöflunni.** Slökkvitæki og brunaslöngur eru víðsvegar um húsið, hver og einn á að kynna sér hvar slökkvibúnaður er staðsettur. Aldrei skal setja sig í hættu við það að slökkva eld.
4. **Slökkvilið kemur á staðinn.** Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu.
5. **Láta foreldra vita.** Hafa samband (eftir nafnalista) við foreldra / forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburðinn berist eftir réttum leiðum.
6. **Sálrænn stuðningur.** Skólastjóri metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og- eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Flóttaleiðir

Hér er hægt að sjá hugsaðar flóttaleiðir út frá eldra húsnæðinu



Hér má sjá hugsaðar flóttaleiðir út úr kennslustofum og íþróttahúsi



Flóttaleiðir út úr eldra húsnæðinu
Það eru 4 aðal flóttaleiðir út úr nýrri hluta

Flóttaleiðir



Beint út um aðalinngang
Inn í tengigang og þar út
Beint út í gegnum afgreiðslu
Beint út úr búningaðstöðu
Beint út úr íþróttasal til austurs

Björgunarop



Ef ekki er hægt að fara út um skipulagða flóttaleiðir þá er
hægt að fara út um björgunarop sem eru á hverri
kennslustofu

Björgunarop skal einungis nota ef hugsaðar flóttaleiðir eru ekki færar sökum reyks eða elds.

Brunaviðvörðunarkerfið

Hér eru leiðbeiningar um það hvernig brunaviðvörðunarkerfið virkar.


Brunaboð / eldur



Eldur

Eldur blikkar ef það
eru fleiri en ein
brunaboð

Er stöðin fær eldboð heyrir í innra tónmerki og rauða ljósið „ELDUR“ lýsir og á skjánum birtast upplýsingar um staðsetningu boðana. Til að stöðva brunabjöllu / hljóðgjafa þarf að ýtta á Enter 1111 Enter.



Smellið á STÖÐVA/RÆSA hljóðgjafa og ætti brunabjalla að hætta.

Farið og kannið hvað veldur brunaboðum og ef eldur finnst skal smella á næsta handboða eða smellið á STÖÐVA/RÆSA HLJÓÐGJAFI til þess að setja brunabjöllu aftur í gang og rýming hússins hefst.

Ef það er fleiri en einn skynjari að senda brunaboð þá blikkar ljósið Eldur undir biðröð.

Ef ekki finnst eldur þá þarf að endursetja kerfið, það gert með því að skrá sig inn með því að velja Enter 1111 Enter.



Smellið á **STÖÐVA/RÆSA HLJÓÐGJAFI** og ætti brunabjalla að hætta

Smellið á **STÖÐVA VÆLU**

Smellið á **ENDURSETNING** og ætti kerfið þá að eðlilegt

Skrifa í þjónustubók atvikið

Bilun

Ef það kemur upp bilun í kerfinu þá logar gult bilanaljós og væla hljómar stöðugt. Þá þarf að skrá sig inn með því að smella á Enter 11111 Enter.




Smellið á **STÖÐVA VÆLU** og ætti kerfið að hætta að væla.


Hafið samband við þjónustuaðila kerfisins og tilkynnið um bilunina.

Skrifa í þjónustubók atvikið.

Kort eldra hús




Kort íþróttahús og kennslustofur



Rýming vegna Kötlugoss

1. Ef til rýmingar kemur vegna Kötlugoss þá gefur kennari fyrirmæli og róar hópinn.
2. Kennari tekur manntal (skráir upplýsingar sem vitað er um t.d. ef nemendur eru fjarverandi, tekur nafnalista með sér). Farið með nemendur fram í hol í eldri hluta skólans.
3. Kennari fylgir hópnum í fjöldahjálparstöð sem er að Mýrarbraut 13 Gistihúsi Carinu.



Gönguleið

1. Austur Mánabraut
2. Norður Ránarbraut
3. Yfir gangbraut Víkurgötu
4. Norður Árbraut
5. Vestur Bakkabraut
6. Norður Mýrarbraut
7. Að fjöldahjálparstöð
Mýrarbraut 13

Koma nemendum í röð í holi: Fyrirkomulag 10. bekkur fyrstur síðan eftir því sem bekkir eru tilbúnir 1.- 9. bekkur. Ef nemendur eru í verkmenntahúsi eða íþróttasal/sundlaug þá er komið í röð eftir bekkjum elstu fyrst.

Ganga rólega að Mýrarbraut 13 (fjöldahjálparstöð) og halda hópinn (tveir og tveir) kennari síðastur til að hafa tölu hópnum.

Halda utan um hópinn þar til Rauði Krossinn yfirtekur fjöldahjálparstöð.

Þessi áætlun á einnig við um aðrar mögulegar náttúruhamfarir.

Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/Breytingar	Fært inn af
	19/03/2025	Fyrstu drög	IPB
	24/3/2025	Fyrstu drög yfirfarin stjórnendur+ slökkviliðsstjórar	EE, KÓG, IPB, SGB
	30/6 2025	Drög yfirfarin	EE
	2/10 2025	Drög yfirfarin á starfsmannafundi	EE+starfsmenn
1.0	2/10 2025	Fyrsta útgáfa	EE